



# FUNDARGERÐ

## PENINGASTEFNUNEFND



2024

FEBRÚAR  
119. fundur  
Birt 21. febrúar 2024

# Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands

Febrúar 2024 (119. fundur)

Birt: 21. febrúar 2024

Í lögum um Seðlabanka Íslands segir að ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum séu teknar af peningastefnunefnd og að opinberlega skuli birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra. Á grundvelli þessa birtir peningastefnunefnd fundargerðir tveimur vikum eftir að ákvarðanir hennar eru kynntar. Í fundargerðunum koma m.a. fram upplýsingar um hvernig atkvæði einstakra nefndarmanna féllu við ákvarðanir nefndarinnar.

Hér birtist fundargerð fundar peningastefnunefndarinnar 5.-6. febrúar 2024, en á honum ræddi nefndin efnahagsþróunina, þróun á fjármálamörkuðum, ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum og kynningu þeirra ákvarðana 7. febrúar.

## I Þróun í efnahags- og peningamálum

Áður en nefndarmenn fjölluðu um ákvarðanir í peningamálum ræddu þeir innlenda fjármálamarkaði, fjármálalegan stöðugleika, horfur í heimsbúskapnum og utanríkisviðskiptum Íslands, innlandan þjórðarbúskap og verðbólgu, með hliðsjón af upplýsingum sem hafa komið fram frá síðasta fundi nefndarinnar 22. nóvember 2023 eins og þær birtust í uppfærðri spá í *Peningamálum 2024/1* hinn 7. febrúar.

Nefndin fékk kynningu frá Hagstofu Íslands á fyrirhuguðum breytingum á aðferðafræði við útreikning á húsnæðisliðnum í vísitölu neysluverðs. Hagstofan áætlar að breytingin verði framkvæmd á vormánuðum þessa árs.

### Fjármálamarkaðir

Frá fundi peningastefnunefndar í nóvember hafði gengi krónunnar hækkað um 2,2% gagnvart viðskiptaveginni gengisvísitölu. Seðlabankinn átti engin viðskipti með gjaldeyri á tímabilinu.

Taumhald peningastefnunnar miðað við raunvexti Seðlabankans jókst frá fundi nefndarinnar í nóvember. Raunvextir bankans voru 3,3% miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs og voru 0,6 prósentum hærrí en rétt eftir birtingu vaxtaákvörðunar nefndarinnar í nóvember. Miðað við ársverðbólgu hækkuðu þeir um 1,1 prósentu á sama tímabili og voru 2,4%.

Vextir á ótryggðum innlánnum í viðskiptum til einnar nætur (IKON) og vextir á millibankamarkaði með krónur voru nánast óbreyttir milli funda nefndarinnar og var velta á millibankamarkaði 10 ma.kr. á tímabilinu. Ávöxtunarkrafa lengri óverðtryggðra ríkisbréfa lækkaði um allt að 0,6 prósentur frá fundinum í nóvember en krafa lengri verðtryggðra ríkisbréfa breyttist lítið á sama tíma. Meðalvextir verðtryggðra íbúðalána hækkuðu milli funda en vextir óverðtryggðra íbúðalána breyttust lítið.

Skammtímavaxtamunur miðað við þriggja mánaða millibankavexti var óbreyttur milli funda og var 5,9 prósentur gagnvart evrusvæðinu og 4,3 prósentur gagnvart Bandaríkjunum. Langtímavaxtamunur minnkaði hins vegar um 0,4 prósentur milli funda og nam munurinn 4,5 prósentum gagnvart Þýskalandi og 2,7 prósentum gagnvart Bandaríkjunum. Skuldtryggingarálag á fimm ára skuldbindingar ríkissjóðs í

Bandaríkjadöllum lækkaði milli funda og var 0,6%. Vaxtamunur á evruútgáfu ríkissjóðs gagnvart þýskum ríkiskuldabréfum minnkaði um 0,1 prósentu á sama tíma og var 1,1-1,2 prósentur.

Samkvæmt ársfjórðungslegri könnun Seðlabankans á væntingum markaðsaðila sem framkvæmd var í janúar væntu markaðsaðilar þess að meginvextir Seðlabankans hefðu náð hámarki í 9,25% og tækju að lækka á öðrum fjórðungi ársins. Þeir væntu þess að meginvextir yrðu 7,75% eftir eitt ár og 5,75% eftir tvö ár. Þetta eru lægri vextir en markaðsaðilar gerðu ráð fyrir í síðustu könnun í nóvember. Nokkur breyting varð á afstöðu svarenda til taumhalds peningastefnunnar á milli kannana. Hlutfall svarenda sem taldi taumhald peningastefnunnar hæfilegt um þessar mundir var 42% en hlutfallið lækkaði úr 60% í nóvemberkönnuninni. Hlutfall þeirra sem töldu taumhaldið of þétt jókst í 42% úr 27% milli kannana. Um 15% svarenda töldu taumhaldið of laust.

Greiningardeildir fjármálafyrirtækja væntu þess að peningastefnunefnd myndi halda vöxtum óbreyttum. Vísuðu þær til þess að verðbólga og verðbólguþrýstingur hefðu minnkað og einkaneysla dregist saman þótt íbúðaverð hefði tekið að hækka á ný og verðbólga og verðbólguvæntingar væru enn yfir markmiði. Þá væri mikil óvissa vegna komandi kjarasamninga og aðgerða ríkisstjórnarinnar vegna jarðhræringa í Grindavík.

Ársvöxtur víðs peningamagns (M3) var 8½% í desember. Hlutdeild heimila í vextinum fór vaxandi á árinu á móti minnkandi hlutdeild fyrirtækja. Ársvöxtur útlána lánakerfisins til heimila mældist um 6,4% í desember og jókst vöxturinn nokkuð frá fyrri mánuði en hrein ný útlán til heimila tóku að aukast á miðju síðasta ári. Hægt hefur á ársvexti útlána lánakerfisins til fyrirtækja en hann mældist 6,7% í desember samanborið við rúmlega 14% meðalvöxt á fyrri hluta ársins.

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar, OMXI15, hækkaði um 23,5% milli funda nefndarinnar. Velta á aðalmarkaði nam 121 ma.kr. í janúar sem er um helmingi meiri velta en á sama tímabili árið á undan.

### **Alþjóðleg efnahagsmál og utanríkisviðskipti**

Samkvæmt spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem birt var í janúar sl., er gert ráð fyrir að hagvöxtur í heiminum verði 3,1% í ár. Það er 0,2 prósentum meiri vöxtur en sjóðurinn spáði í október sl. og skýrist einkum af þróttmeiri hagvexti í Bandaríkjunum og nokkrum stórum nýmarkaðs- og þróunarríkjum en búist var við. Það er eftir sem áður vel undir meðalhagvexti undanfarinna tveggja áratuga enda seðlabankavextir verið hækkaðir mikið, aðhald í opinberum rekstri aukist í ljósi aukinnar skuldsetningar undanfarinna ára og undirliggjandi framleiðniaukning verið lítil. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerir ráð fyrir áþekktum heimshagvexti á næsta ári eða 3,2%. Verðbólga hefur hins vegar minnkað hraðar en vænst var í flestum ríkjum heims samhliða því að undið hefur verið ofan af framboðstruflunum undanfarinna ára og peningalegt aðhald seðlabanka hert. Sjóðurinn spáir því að verðbólga í heiminum minnki í 5,8% í ár og verði komin niður í 4,4% að meðaltali á næsta ári. Í þróuðum ríkjum heims er spáð 2,6% verðbólgu á þessu ári og 2% á því næsta, sem er minna en spáð var í október.

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands nam halli á vöruskiptajöfnuði 91,9 ma.kr. á fjórða fjórðungi ársins í fyrra og nam 326,2 ma.kr. á árinu í heild samanborið við 213,4 ma.kr. halla á árinu 2022 á föstu gengi. Útflutningsverðmæti vöru dróst saman um 11% milli ára í fyrra á föstu gengi og dróst verðmæti flestra undirflokka saman. Verðlækkun álafurða og kísiljárns auk samdráttar í útflutningi sjávarafurða, einkum loðnuafurða, vó þyngst í samdrættinum en á móti vó aukið verðmæti lyfja og lækningavara. Á sama tíma dróst verðmæti innflutnings saman um ½% á föstu gengi milli ára en án skipa og flugvéla mældist svipaður vöxtur. Þar vegast á aukið verðmæti fjárfestingarvara, neysluvara og flutningatækja en minna verðmæti eldsneytis og hrá- og rekstrarvara. Lægra verðmæti vöruinnflutnings milli ára má einkum rekja til samdráttar í magni innflutnings en verð flestra undirflokka hækkaði milli ára.

Heimsmarkaðsverð á áli lækkaði lítillega frá nóvemberfundi nefndarinnar og var tæplega 2.200 Bandaríkjadalir á tonnið á febrúarfundinum. Það er 12% lægra verð en í febrúar í fyrra. Bráðabirgðatölur Hagstofunnar benda til þess að verð sjávarafurða í erlendum gjaldmiðlum hafi lækkað um 3% á milli fjórðunga á fjórða ársfjórðungi í fyrra en verið að meðaltali um 3% hærra á árinu í heild en árið þar á undan. Heimsmarkaðsverð

á Brent-hráolíu lækkaði um tæplega 5% milli funda nefndarinnar og var um 79 Bandaríkjadalir á tunnu á febrúarfundinum. Það er um 3% lægra verð en í febrúar í fyrra. Annað hrávöruverð hafði einnig lækkað frá fundinum í nóvember.

Raugengi miðað við hlutfallslegt verðlag hækkaði um 0,2% milli mánaða í janúar og var þá 9,1% yfir meðaltali síðasta aldarfjórðungs en svipað og í desember 2019. Raugengi á þennan mælikvarða hækkaði um 0,8% milli ára í fyrra og má rekja hækkunina til 2,6% lækkunar á nafngengi krónu en verðbólga hér á landi var 3,6 prósentum meiri en að meðaltali í viðskiptalöndum Íslands.

### **Innlendur þjóðarbúskapur og verðbólga**

Vísbendingar um þróun einkaneyslu benda til þess að svipaður samdráttur hafi verið á fjórða ársfjórðungi og var fjórðunginn á undan en þá mældist 1,7% samdráttur milli ára. Bráðabirgðatölur fyrir greiðslukortaveltu benda til minnkandi eftirspurnar heimila og lækkun væntingavísitölu Gallup í lok síðasta árs bendir til aukinnar svartsýni þeirra. Því er talið að útgjöld heimila hafi dregist enn frekar saman á síðasta fjórðungi ársins 2023.

Fjárlög fyrir árið 2024 voru samþykkt á Alþingi í desember sl. með halla sem nemur um 1,1% af landsframleiðslu. Þetta er lítil breyting frá því sem fjárlagafrumvarpið kvað upphaflega á um en töluverð óvissa ríkir um afkomu ríkissjóðs vegna aðgerða tengdra jarðhræringum á Reykjanesi auk mögulegra aðgerða í tengslum við yfirstandandi kjarasamninga.

Samkvæmt niðurstöðum vetrarkönnunar Gallup sem framkvæmd var í desember í fyrra á meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins voru viðhorf fyrirtækja til núverandi efnahagsaðstæðna heldur verri en í haustkönnuninni. Væntingar stjórnenda til næstu sex mánaða voru einnig heldur neikvæðari en í haust. Um 37% stjórnenda töldu að aðstæður í efnahagslífinu versni eftir sex mánuði eða nokkru fleiri en í haust en um 46% töldu að þær verði óbreyttar. Stjórnendur voru þó almennt nokkuð bjartsýnir um bæði innlenda og erlenda eftirspurn en litlar breytingar urðu á mati þeirra frá því í haust. Bjartsýnastir voru stjórnendur í fjármála- og trygginga-starfsemi, ýmissi sérhæfðri þjónustu og iðnaði og framleiðslu.

Samkvæmt árstíðarleiðrétum niðurstöðum könnunarinnar mun störfum fjölga áfram næsta misserið. Hlutfall fyrirtækja sem vilja fjölga starfsfólki umfram þau sem vilja fækka því mældist lítillega umfram sögulegt meðaltal á fjórðungnum. Þá taldi þriðjungur stjórnenda vera skort á starfsfólki og liðlega helmingur fyrirtækja segist starfa við full afköst. Bæði hlutföll lækkuðu í vetrarkönnuninni en eru áfram há í sögulegu ljósi.

Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar (VMK) fjölgaði heildarvinnustundum um 4,5% milli ára á fjórða ársfjórðungi í fyrra. Störfum fjölgaði um 3,7% milli ára og meðalvinnuvikan lengdist um 0,7%. Tölur úr staðgreiðsluskrá benda til hægari fjölgunar starfa en í VMK þar sem launafólki fjölgaði um 3,1% milli ára á fjórða ársfjórðungi.

Árstíðarleiðréttar tölur VMK fyrir fjórða ársfjórðung í fyrra sýna að áfram hægði á fjölgun fólks á vinnualdri en aukin atvinnuþátttaka vó á móti. Hlutfall starfandi jókst einnig og því var atvinnuleysi tiltölulega stöðugt milli fjórðunga og mældist 3,5%. Árstíðarleiðrétt skráð atvinnuleysi mældist einnig 3,5% í desember. Merkja má nokkra aukningu í skráðu atvinnuleysi sem var um 0,4 prósentum meira í desember sl. en um mitt síðasta ár.

Á fjórða fjórðungi síðasta árs hækkaði launavísitalan um 1,3% milli fjórðunga og um 9,4% milli ára. Á sama tíma var kaupmáttur launa miðað við vísitöluna 1,4% meiri en á fjórða ársfjórðungi árið 2022.

Húsnæðisverðsvísitala Hagstofunnar fyrir allt landið, sem birt var í lok janúar, hækkaði um 0,8% milli mánaða, að teknu tilliti til árstíðarsveiflu en um 4,7% milli ára. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun reiknar út, hækkaði um 1% milli mánaða í desember að teknu tilliti til árstíðar en um 4,5% milli ára. Þinglýstum kaupsamningum á landinu öllu fækkaði um 12,5% milli ára í fyrra en kaupsamningum um nýbyggingar um 12,4%. Meðalsölutími íbúða á höfuðborgarsvæðinu í desember mældist

4,4 mánuðir og því lengri en í sama mánuði árið 2022 þegar hann var 2,9 mánuðir enda hefur íbúðum til sölu fjölgað nokkuð á síðustu 12 mánuðum.

Verðbólga var að meðaltali 8,8% á árinu 2023 samanborið við 8,3% árið 2022. Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,16% milli mánaða í janúar sl. og hjaðnaði ársverðbólga því talsvert eða úr 7,7% í 6,7%. Verðbólga án húsnæðis hjaðnaði einnig og mældist 5,2%. Undirliggjandi verðbólga var 5,8% miðað við meðaltal ólíkra mælikvarða og hefur ekki mælst minni síðan í maí 2022.

Aukinn kostnaður vegna eigin húsnæðis ásamt auknum kostnaði vegna rafmagns og hita höfðu mest áhrif til hækkunar vísitölu neysluverðs í janúar en vetrarútsölur höfðu hins vegar mest áhrif til lækkunar. Voru þær heldur umfangsmeiri en þær hafa verið að jafnaði á síðustu árum. Kostnaður vegna eigin húsnæðis hefur hækkað um 12,7% milli ára en þar vegur þungt hækkun raunvaxtakostnaðar húsnæðislána. Matvöruverð hækkaði einnig í janúar, einkum vegna ákvörðunar verðlagsnefndar búvöru um verðhækkun á mjólkurvörum. Verð opinberrar þjónustu hækkaði síðan vegna ýmissa gjaldskrárhækkana. Flugfargjöld lækkuðu nokkuð í janúar og voru um tæplega 11% lægri en á sama tíma fyrir ári.

Samkvæmt könnun bankans meðal markaðsaðila lækkuðu verðbólguvæntingar þeirra til eins árs lítillega og gera þeir nú ráð fyrir að verðbólga verði 5,3% eftir ár. Til lengri tíma litið hækkuðu hins vegar væntingar þeirra og búast þeir nú við að verðbólga verði 4,4% eftir tvö ár og 4,1% að meðaltali næstu fimm ár. Stjórnendur fyrirtækja og heimili eru þó svartsýnni og telja að verðbólga hjaðni hæggar. Fyrirtæki gera ráð fyrir því að verðbólga verði að meðaltali 4,5% á næstu fimm árum en heimili að hún verði 6% á tímabilinu. Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hefur hins vegar lækkað milli funda nefndarinnar og var fimm ára álag eftir fimm ár um 3,6% í byrjun febrúar.

Samkvæmt spánni sem birtist í *Peningamálum* 8. febrúar hafa verðbólguhorfur batnað frá því sem talið var í nóvember og dregið hefur úr almennum verðbólguþrýstingi. Gert er ráð fyrir að ársverðbólga minnki áfram og verði 6,3% á fyrsta ársfjórðungi og 5% á öðrum ársfjórðungi sem er 0,7 prósentum minna en í nóvember-spánni. Horfur til næstu tveggja ára hafa einnig heldur batnað. Gert er ráð fyrir að verðbólga verði að meðaltali 3,3% á næsta ári og að hún verði komin í markmið á seinni hluta árs 2026 skilyrt á vaxtaferil grunnspárinnar. Það er nokkru fyrr en spáð var í nóvember. Betri horfur endurspeglar m.a. að hægt hefur hraðar á innlendri eftirspurn en áður var spáð og búist er við að slaki myndist í þjóðarbúskapnum í lok þessa árs. Alþjóðleg verðbólga hefur einnig minnkað hraðar en var spáð í nóvember. Á móti vega hins vegar horfur á meiri hækkun launakostnaðar á spátímanum og enn er nokkur verðbólguþrýstingur fyrir hendi á húsnæðismarkaði.

Hagvöxtur hélt áfram að gefa eftir í helstu viðskiptalöndum er leið á síðasta ár. Hagvaxtarhorfur hafa heldur versnað frá því í nóvember í flestum þeirra utan Bandaríkjana en þar hefur hagvöxtur verið umfram væntingar. Alþjóðleg verðbólga hefur minnkað áfram og undirliggjandi verðbólga einnig en þó hæggar. Stríðsátökin fyrir botni Miðjarðarhafs gætu hægt á hjöðnun alþjóðlegrar verðbólgu, m.a. í ljósi hækkunar flutningskostnaðar undanfarið.

Hagvöxtur hér á landi mældist 4,2% á fyrstu þremur fjórðungum ársins sem var í takt við nóvemberspá *Peningamála*. Töluvert dró úr hagvexti er leið á þriðja ársfjórðungi og var hann 1,1% á fjórðungnum sem er heldur minni vöxtur en spáð var í nóvember. Innlend eftirspurn virðist hins vegar hafa gefið hraðar eftir en þá var talið og er það meginástæða þess að spáin um hagvöxt fyrir þetta ár hefur verið færð niður. Þrátt fyrir vísbendingar um að innlend eftirspurn hafi áfram gefið eftir á síðasta fjórðungi ársins er talið að hagstæð utanríkisviðskipti valdi því að hagvöxtur hafi aukist lítillega á ný á fjórðungnum og að hann hafi verið 3,6% á árinu öllu sem er svipað og spáð var í nóvember. Talið er að enn frekar hægi á hagvexti í ár og að hann verði 1,9% í stað 2,6% í nóvember-spánni. Horfur fyrir næstu tvö ár eru hins vegar á heildina litið áþekkar því sem gert var ráð fyrir í nóvember.

Ástandið í alþjóðlegum efnahagsmálum er sem fyrr tvísýnt, ekki síst vegna stríðsátaka í Úkraínu og fyrir botni Miðjarðarhafs. Óvissa hér á landi hefur einnig aukist í kjölfar eldsumbrota á Reykjanesskaga. Aðgerðir

stjórnvalda til að bregðast við þessum hamförum gætu breytt efnahagshorfum frá því sem grunnspáin gerir ráð fyrir en erfitt er að meta áhrifin fyrr en umfang og útfærsla þeirra liggur fyrir. Niðurstaða yfirstandandi kjaraviðræðna og mögulegar aðgerðir í ríkisfjármálum þeim tengdar gætu einnig leitt til breytinga á efnahags- og verðbólguhorfum miðað við það sem grunnspáin gerir ráð fyrir. Þá er það áhyggjuefni að verðbólguvæntingar haldist háar sem gæti valdið því að erfiðara reynist að ná verðbólgu niður í markmið en grunnspáin gerir ráð fyrir.

## II Ákvarðanir um stjórnþæki bankans í peningamálum

Nefndin ræddi taumhald peningastefnunnar í ljósi framvindu efnahagsmála og þess að raunvextir bankans höfðu hækkað frá nóvemberfundi nefndarinnar. Rætt var um hvort taumhaldið væri hæfilegt í ljósi verðbólguhorfa en nefndin ákvað á fundi sínum í nóvember að halda vöxtum óbreyttum. Á þeim tíma bentu verri verðbólguhorfur til þess að það gæti þurft að herða taumhald peningastefnunnar enn frekar en í ljósi þeirrar óvissu sem ríkti um efnahagsleg áhrif jarðhræringa á Reykjanesi ákvað nefndin að staldra við.

Nefndarmenn töldu ánægjulegt að áhrif peningastefnunnar kæmu æ skýrar fram. Rætt var um að raunvextir hefðu hækkað og verðbólga hjaðnað nokkuð frá nóvemberfundi nefndarinnar. Undirliggjandi verðbólga hefði einnig minnkað. Vísbendingar væru einnig um að það hefði dregið hraðar úr vexti efnahagssumsvifa en áður var talið. Þá kom fram að samkvæmt nýrri spá Seðlabankans færi spennan í þjóðarbúinu minnkandi og snerist í slaka undir lok ársins. Verðbólguhorfur hefðu því batnað.

Nefndin hafði þó áhyggjur af því að langtímaverðbólguvæntingar hefðu lítið breyst og haldist nokkuð yfir markmiði. Þá var einnig horft til þess að þótt hægt hefði á vinnumarkaði væri spenna þar enn til staðar. Verðbólga gæti því áfram reynst þrálát. Þá var fjallað um að einnig væri óvissa um niðurstöður kjarasamninga og mögulegar aðgerðir í ríkisfjármálum tengdar þeim og vegna jarðhræringa á Reykjanesi.

Nefndin ræddi að verðbólga væri enn mikil og verðbólguhorfur væru aðallega betri fyrir þetta ár en til lengri tíma hefðu þær einungis batnað lítillega. Rætt var um að í ljósi þess að töluverður kraftur væri enn á vinnumarkaði gæti það leitt til meiri hækunar launakostnaðar á framleidda einingu en ella. Jafnframt kom fram að veruleg óvissa væri um niðurstöður kjarasamninga og þær aðgerðir stjórnvalda í ríkisfjármálum sem væru framundan og áhrif þeirra á efnahagssumsvif og verðbólguþrýsting. Þá skipti miklu hvernig þær aðgerðir yrðu fjármagnaðar að því er varðar aðhald í ríkisfjármálum. Þótt hægt hefði á innlendum umsvifum væri samt sem áður hætta á að fyrirtæki myndu í einhverjum mæli fleyta kostnaðarhækkunum í kjölfar komandi kjarasamninga út í verðlag. Vaxandi umsvif virtust vera á húsnæðismarkaði á ný og húsnæðisverð hefði hækkað nokkuð undanfarið. Jafnframt hefðu langtímaverðbólguvæntingar lítið breyst þrátt fyrir að hægt hefði á vexti innlendrar eftirspurnar og verðbólguhorfur batnað. Löskuð kjölfesta verðbólguvæntinga í markmiði gæti haft áhrif á verðbólguþróun. Mikilvægt væri að ná verðbólguvæntingum niður til að tryggja að verðbólga komist í markmið. Því kom fram að í ljósi mikillar óvissu væri ekki öruggt að vaxtahækkunarferlinu væri lokið og þar sem enn væri spenna í þjóðarbúinu væri betra að halda vöxtum lengur háum heldur en að lækka þá of snemma.

Nefndin var jafnframt sammála um að nú virtist sem áhrifin af auknu aðhaldi peningastefnunnar væru að koma hratt fram enda væru einkaneysla og fjárfesting farin að dragast saman sem endurspegladist einnig í samdrætti innflutnings. Það hefði því hægt verulega á innlendri eftirspurn og hraðar en búist hafði verið við. Þá kom fram að umsvif í ferðaþjónustu gætu orðið minni en búist væri við bæði vegna jarðhræringanna á Reykjanesi og vegna óvissu í heimsbúskapnum. Bent var á að því væri hætta á að raunvextir myndu hækka meira en þörf væri á á sama tíma og hratt drægi úr vexti efnahagssumsvifa, enda væru raunvextir bankans töluvert hærri en í viðskiptalöndum.

Hins vegar kom fram að þótt líklega væri farið að nálgast vendipunkt væri enn þörf á háum raunvöxtum í hagkerfinu. Því væri mikilvægt að sjá skýrari merki um að hjöðnun verðbólgunnar væri á traustum grunni og

fara varlega í að slaka á taumhaldi peningastefnunnar enda væri enn talsverð óvissa til staðar um marga lykilþætti í efnahagslífinu.

Með hliðsjón af umræðunni lagði seðlabankastjóri til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Meginvextir bankans, þ.e. vextir á sjö daga bundnum innlánum, yrðu 9,25%, innlánsvextir (vextir á viðskiptareikningum) 9%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga 10% og daglánavextir 11%.

Ásgeir Jónsson, Rannveig Sigurðardóttir, Herdís Steingrímsdóttir og Ásgerður Ósk Pétursdóttir greiddu atkvæði með tillögunni. Gunnar Jakobsson greiddi atkvæði gegn tillögunni og vildi lækka vexti um 0,25 prósentur. Taldi hann að nýjustu gögn sýndu að aðhald peningastefnunnar hefði verið nægjanlegt undanfarið enda hefði dregið jafnt og þétt úr umsvifum í þjóðarbúskapnum. Einnig fæli nýleg þróun efnahagsmála, verðbólguhorfa og raunvaxta í sér vísbendingar um að komið væri að því að lækka vexti. Benti hann á að raunvextir bankans hefðu ekki verið hærri síðan 2012 og allt benti til að þeir myndu hækka töluvert til viðbótar á næstu mánuðum. Rétt væri því að hefja lækunarferlið en í litlum skrefum í ljósi þeirrar óvissu sem væri til staðar.

Að mati nefndarinnar myndi mótun peningastefnunnar á næstunni sem fyrr ráðast af þróun efnahagsumsvifa, verðbólgu og verðbólguvæntinga.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar  
Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu  
Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika  
Herdís Steingrímsdóttir, dósent, utanaðkomandi nefndarmaður  
Ásgerður Ósk Pétursdóttir, lektor, utanaðkomandi nefndarmaður

Þórarinn G. Pétursson, aðalhafnfræðingur Seðlabankans, sat allan fund nefndarinnar. Þar að auki sátu nokkrir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Karen Á. Vignisdóttir ritaði fundargerð.

Næsta yfirlýsing peningastefnuneftardarinnar verður birt miðvikudaginn 20. mars 2024.